

1869.

29. maí.

geti það því ekki komið til greina, að starfstjóri félagsins hefir fengið borgararétt á Íslandi.

Samkvæmt þessu verður dómsmálastjórnin að biðja yður, herra amtmaður, að láta ónýta þessa veiting þjóðernisréttar, á þann hátt, að markið „dönsk eign” sé numið burt, og þjóðernissskýrteininu sé skilað aptur, og að láta síðan borga hlutad-eiganda aptur aðkaupsgjald það, sem hann hefir greidt. Því skal við bætt, að landfógetinn hefir fengið hëðan í dag skipun um að borga upphæð þá, sem um er að ræða, úr jarðabókarsjóðnum, þegar þér beiðist þess.

29. maí.

**49. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun skuldar, er prests-
ekkja á hjá kirkju.**

Með bréfi dagsettu 5. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá, þar sem ekkja síra Hinriks sáluga Hinrikssonar, prests að Skorrastað í Suðurmúlasýslu, Margrét Magnúsdóttir, sækir um að fá borgaða skuld þá, 453 rd. 74 sk. að upphæð, sem maður hennar sálugi átti hjá Skorrastaða kirkju fyrir það hann hafði byggt hana upp, og hafið þér lagt fram með, að það megi borga 200 rd. af skuld þessari, þannig að greiddir verði 15 rd. 37 sk. á ári af tekjum Skorrastaðar kirkju frá næstu fardögum 1869, hvort sem ekkjan verður á lífi eða andast meðan verið er að borga þessa 200 rd.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörið það, að stjórnarráðið hefir eptir málavöxtum ekki neitt á móti uppástungum yðar í þessu efni.